

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Storms fyrir árið 2023

Á starfsár félagsins 2023 var starfsemi lítil yfir veturinn en veglegt félagsmót að sumri að undangengnu vinnukvöldi og reiðnámskeiði.

Félagsmót Storms var haldið að Söndum 28-29. júlí með góðri þátttöku. Á föstudegi var á dagskrá í reiðhöll félagsins að Söndum með töltkeppni og fljúgandi skeið, þá Sandariddarinn. Á laugardeginum var keppt úti á skeiðvelli. Dómarar mótsins var Jóhann G. Jóhannesson og Henný Heiler. Keppt var í Púkaflokki þar sem teymt var undir yngstu kynslóðinni og allir fengu verðlaun og viðurkenningu að launum. Að því loknu tóku við barna- og unglingsflokkar, B-flokkur og A-flokkur. Að keppni lokinni haldið í hinn rómaða reiðtúr út í Meðaldal og herlegheitunum þar með slitið.

Dagana 27.-28. júlí var reiðnámskeið í höndum Jóhanns Garðars Jóhannessonar sem var vel sótt.

Á félagssvæði Storms á Söndum hefur verið áframhaldandi viðhaldsvinna einkum á girðingum og skeiðvallasvæði. Gerði við reiðhöll voru einnig máluð.

Stjórn félagsins er óbreytt; Viktor Pálsson, formaður. Signý Þöll Kristinsdóttir, ritari. Sonja Elín Thompson, gjaldkeri. Guðmundur B. Jónsson, meðstjórnandi Endurskoðendur reikninga; Gylfi Þór Gíslason og Sigurður Guðmundur Sverrisson.

f.h. Hestamannafélagsins Storms

Viktor Pálsson